

## Fundargerð 405

Fimmtudaginn 16. maí 2013 kl. 8:00 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar í þekkingarsetrinu Nýheimum á Hornafirði. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Þóroddur Bjarnason formaður, Guðmundur R. Gíslason, Matthildur Helgadóttir Jónudóttir, Ólafía Jakobsdóttir, Ólöf Hallgrímsdóttir, Rögnvaldur Ólafsson og Valdimar Hafsteinsson. Auk þeirra sátu fundinn; Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri, Elín Gróa Karlsdóttir forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Hjalti Árnason forstöðumaður lögfræðisviðs og Magnús Helgason forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnfram ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 8:15, og bauð stjórnarmenn og þá sérstaklega nýjan stjórnarmann Ólafíu Jakobsdóttur velkomna og lagði fram eftirfarandi dagskrá.

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Framfylgd rekstrar- og starfsáætlunar 2013
3. Niðurstöður dómsmála
4. Útlánastarfsemi Byggðastofnunar
  - Stofnun fasteignafélags
  - Samstarf við aðrar lánastofnanir
  - Lánakjör og áhættumat
  - Verklagsreglur um útlánastarfsemi – endurskoðun v. breytinga á lögum um Byggðastofnun
5. Fundargerðir lánanefndar
6. Sala fullnustueignar
7. Önnur mál
8. Næsti fundur

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Formaður bar upp fundargerð síðasta fundar nr. 404 og var hún samþykkt samhljóða og síðan dreift til undirritunar.

### 2. Framfylgd rekstrar- og starfsáætlunar 2013

AÐ og MH fóru yfir 3. og 4. mánaða uppgjör stofnunarinnar. HÁ fór yfir rekstur fullnustueigna.

Formaður og AÐ fóru yfir framfylgd starfsáætlunar. AÐ upplýsti um að auglýst hefði verið eftir starfsmanni á þróunarsviði til að setja upp nýjan gagnagrunn á sviði byggðamála hjá stofnuninni.

Forstjóri upplýsti að í tengslum við vinnu sem framundan er við 6 mánaða uppgjör stofnunarinnar verði unnið að endurskoðun rekstraráætlunar v. yfirstandandi árs.

### 3. Niðurstöður dómsmála

HÁ fór yfir dóma sem hafa fallið í Hæstarétti Íslands og Héraðsdómi Reykjavíkur.

Um var að ræða dóm Hæstaréttar Íslands nr. 715/2012, Samvirkni ehf. gegn Byggðastofnun, þar sem erlend lán Byggðastofnunar voru dæmd lögleg. Dóm Hæstaréttar Íslands nr. 263/2013, Lykil-Hótel ehf. gegn Byggðastofnun þar sem frávísunarúrskurður var felldur úr gildi. Einnig úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur nr. X-118/2011, Byggðastofnun gegn Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis (SPRON) þar sem fjármunir sem Byggðastofnun átti hjá SPRON þegar Fjármálaeftirlitið tók hann yfir árið 2009 voru viðurkenndir sem forgangskrafa.

### 4. Útlánastarfsemi Byggðastofnunar

- *Stofnun fasteignafélags*

AÐ og HÁ fóru yfir minnisblað um stofnun fasteignafélags. Umfang fullnustueigna stofnunarinnar þykir ekki vera það mikið að það borgi sig fjárhagslega. Ekki verður heldur séð að armlengdarsjónarmið náist fram að fullu þar sem félagið myndi starfa í 100% eigu og á ábyrgð Byggðastofnunar. Þá getir það í einhverjum tilfellum verið kostur að hafa ákvörðunarvald um ráðstöfun eigna hjá stofnuninni sjálfri t.d. ef eignir geta nýst sem hluti af uppbyggingu byggða í samræmi við tilgang stofnunarinnar.

Formaður lagði fram tillögu um að ekki yrði stofnað fasteignafélag að þessu sinni og að upplýsingagjöf til stjórnarmanna um fullnustueignir Byggðastofnunar yrði reglubundnari og ítarlegri.

Samþykkt samhljóða

- *Samstarf við aðrar lánastofnanir*

AÐ fór yfir minnisblað um hugsanlegt samstarf við sparisjóðina. Forstjóri og forstöðumaður fyrirtækjasviðs áttu fund með fulltrúum þeirra í lok apríl sl. Meðal hugmynda sem ræddar voru hugmyndir um að beita ábyrgðum á lán sparisjóða í ríkara mæli en gert hefur verið hingað til og á móti dregið úr beinum lánveitingum stofnunarinnar sjálfrar. Viðræðum verður framhaldið. Í næstu viku er fyrirhugaður fundur með Bankasýslu ríkisins sem fer með eignarhluti ríkisins í sparisjóðunum.

EGK fór yfir stöðu útlánasafnsins og fjallaði um Væksfonden í Danmörku og útlán og ábyrgðir sem hann veitir. Einnig fór hún yfir mögulegar leiðir til að koma til móts

við þá skuldara sem eru í mestum vanda vegna hækkunar erlendra lána, en það eru einkum fyrirtæki með lán í erlendum myntum sem ekki hafa tekjur á móti í erlendum myntum. Nú þegar niðurstaða er fengin í dómsmál um lögmæti lánanna, auk þess sem ýmsar tímabundnar ráðstafanir í þágu skuldara eru að renna út, er tilefni til að skoða þau mál frekar.

- *Lánakjör og áhættumat*

AÐ ræddi um áhættumat og hvort taka ætti upp óverðtryggða vexti. Afskriftarsjóður útlána er ennþá stór og skoða þarf hvernig stofnunin flokkar lán í áhættuflokka í framhaldi af tillögum innri endurskoðanda. Skilgreina þarf til hvaða verkefna óverðtryggð útlán ættu að ná til ef ákveðið verður að veita þau.

- *Verklagsreglur um útlánastarfsemi – endurskoðun v. breytinga á lögum um Byggðastofnun.*

Frestað til næsta fundar.

Ákveðið var að lánakjör stofnunarinnar yrðu auglýst í öllum héraðsfréttablöðum landsins.

## 5. Fundargerðir lánanefndar

*Fundargerð nr. 8/13, 11. apríl 2013*

EGK fór í gegnum fundargerðina.

...

...

*Fundargerð 9/13, 30. apríl 2013*

EGK fór í gegnum fundargerðina.

...

...

...

*Fundargerð 10/13, 8. maí 2013*

EGK fór yfir fundargerðina.

*Fundargerð 11/13, 10. maí 2013*

EGK fór yfir fundargerðina.

...

Fundargerðirnar staðfestar.

## 6. Sala fullnustueignar

...

## 7. Önnur mál

AP upplýsti að hann hefði óskað eftir jafnlaunavottun VR. Einnig upplýsti hann um þá vinnu sem væri í gangi með Hvíta húsinu.

ÓH óskaði eftir því að fundargögnin yrðu send fyrir til stjórnar.

GRG óskaði eftir því að stjórnarmenn yrðu látnir vita af ferðaáætlunum annarra stjórnarmanna á stjórnarfundi svo hægt sé að samnýta ferðir.

## 8. Næsti fundur

Næsti fundur verður ákveðinn síðar. Væntanlega verður um símafund að ræða.

Fundur verður haldinn 26. ágúst.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:15

Magnús Helgason, fundarritari

_____	_____
_____	_____
_____	_____

